

LAGANEFND LMFÍ

Nefndasvið Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Sent með tölvupósti

151. löggjafarþing 2020-2021

Mál nr. 266

Efni: Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp vegna 266. máls frá nefndarsviði Alþingis.¹ Laganefndin telur ekki tilefni til að skila inn efnislegri umsögn vegna frumvarpsins en óskar eftir að koma tæknilegu atriði á framfæri við nefndarsviðið.

Í frumvarpinu er fjallað um innleiðingu þriggja gerða Evrópusambandsins, þ.e. reglugerðir (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862. Eins og vefsíðuhlekkir frumvarpsins bera með sér, þá er lesanda beint inn á upphafsíðu EEA-Lex þegar smellt er á þá.² Réttara væri að hlekkirnir vísuðu á EUR-Lex síðuna (og þá beint á sjálfar reglugerðirnar), sjá hér³, hér⁴ og hér⁵.

Ástæðan er sú að þessar gerðir eru ekki teknar upp í EES-samninginn, líkt og hefðbundar EES-gerðir, enda er Schengen-samstarfið ekki hluti af EES-samstarfinu gagnvart Íslandi.

Schengen var í upphafi byggt á milliríkjasamningi en með Amsterdam sáttmálanum (1999) voru Schengen-reglurnar teknar upp í regluverk og stofnanaramma ESB. Þó Schengen-reglugerðirnar séu þannig samdar af löggjafaryfirvöldum og stofnunum ESB, þá horfir svo við að Ísland er aðili að Schengen sem sjálfstætt ríki en ekki eingöngu sem EFTA ríki. Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu er því ekki byggt á EES-samningnum, heldur Brussel-samningnum. Þetta sést jafnframt af því að í reglugerðunum sjálfum kemur ekki fram yfirlýsingin „Text with EEA relevance“, eins og gerir í þeim Evrópugerðum

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/0295.html>.

² <https://www.efta.int/eea-lex>.

³ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1860>.

⁴ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1861>.

⁵ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1862>.

LAGANEFND LMFÍ

sem verða teknar upp í EES-samninginn. Í 13. gr. Brussel samningsins (sjá t.d. frumvarp þáverandi utanríkisráðherra um 206. mál á 125. löggjafarþingi⁶) kemur fram að hann skuli ekki haggja gildi EES-samningsins sem dregur glögglega fram að þessir samningar eru sjálfstæðir, þó þeir vinni að sömu markmiðum að hluta.

Því telur laganefnd nauðsynleg að undirstrika við höfunda frumvarpsins að það er munur á þessu tvennu nátengda Evrópusamstarfi, en ýmsar skýrslur íslenskra stjórnvalda hafa fjallað um þetta málefni.⁷ Því er ekki rétt að beina lesanda þess inn á EEA-Lex upphafssíðuna, líkt og um hefðbundnar EES-gerðir væri að ræða.

Á fleiri stöðum í frumvarpinu er lesandanum vísað á upphafssíðu EEA-Lex. Það væri til margs gagnlegt í framtíðinni, þegar það er tilefni til að leiða lesandann inn á reglugerðir sem má finna á EEA-Lex, að láta slóð hlekksins leiða á sjálfa reglugerðina sem um ræðir hverju sinni, í stað upphafssíðunnar, enda litlar upplýsingar að finna á upphafssíðunni um viðkomandi reglugerð.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ



Védís Eva Guðmundsdóttir, lögmaður

⁶ <https://www.althingi.is/altext/125/s/0240.html>.

⁷ <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Schengen-skyrsla.pdf> og <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/frettir/SkyrslaEvropunefndar-.pdf>.